

Ár 2012, fimmtudaginn 21. júní, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni og Kolbeini H. Stefánssyni.

Fyrir var tekið:

## **Að ákveða laun og starfskjör forstöðumanns Kvikmyndamiðstöðvar Íslands**

### **I.**

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands er á lista fjármálaráðherra yfir forstöðumenn samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 með síðari breytingum, sbr. 13. tölulið 1. mgr. 22. gr. sömu laga.

### **II.**

Kjararáði barst bréf dagsett 28. desember 2011 frá forstöðumanni Kvikmyndamiðstöðvar Íslands þar sem þess er óskað að launakjör forstöðumannsins verði endurskoðuð. Í bréfinu segir að röðun í launaflokk endurspegli ekki ábyrgð eða umfang starfs forstöðumanns Kvikmyndamiðstöðvar Íslands. Fram kemur að starfið krefjist töluverðra samskipta við erlenda aðila, alþjóðlegt samstarf fari fram á kvikmyndamörkuðum og hátíðum erlendis og krefjist mikillar fjarveru og þótt ferðum sé stillt í hóf sé forstöðumaðurinn mikið erlendis vegna starfsinsog sæki fjölda viðburða innanlands um kvöld og helgar. Óskar forstöðumaðurinn eftir að þessi mikla fjarvera verði metin til fleiri eininga.

Í bréfinu kemur fram að með lögum nr. 137/2001 hafi eðli starfsemi Kvikmyndamiðstöðvar breyst mikið. Þannig hafi forstöðumaður Kvikmyndasjóðs Íslands, forvera Kvikmyndamiðstöðvar Íslands, aðallega haft umsjón með kynningum erlendis á íslenskum kvikmyndum auk þess að gera samninga um styrkúthlutanir sem alfarið hafi verið byggðar á ákvörðun sjálfstæðra úthlutanarnefnda með formlegu samþykki stjórnar sjóðsins. Styrkjum hafi verið úthlutað einu sinni á ári og forstöðumaðurinn hafi ekki komið að mati á umsóknum/verkefnum á neinn hátt. Þá hafi greiðsludeild menntamálaráðuneytisins séð um allar greiðslur. Samkvæmt lögum nr. 137/2001 taki forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands endanlega ákvörðun um veitingu fjárstuðnings úr Kvikmyndasjóði til undirbúnings, framleiðslu og/eða dreifingu íslenskra kvikmynda. Þá segi í 2. gr. reglugerðar um Kvikmyndasjóð nr. 229/2003 að forstöðumaðurinn sé ábyrgur fyrir því að öll skilyrði fyrir úthlutun séu uppfyllt. Þar kemur einnig fram að ríkar skyldur séu um eftirfylgni samninga og ráðstöfun styrkja. Ábyrgð forstöðumannsins varðandi fjármál og stjórnsýslu hafi því aukist til muna.

Í bréfi forstöðumannsins segir einnig að kvikmyndagreinin sé í eðli sínu flókin og samsett af list og iðnaði. Að framleiðslu kvikmyndaverka komi listamenn í mörgum lykilgreinum auk iðnaðar- og tæknifólks. Við mat á umsóknum þurfi að meta fjármögnunarmöguleika og hvers konar fjármögnun sé tryggð, hvort sem er úr erlendum sjóðum eða frá einkaaðilum, með reiðufé eða annars konar framlagi. Kanna þurfi eignarrétt viðkomandi framleiðenda og listamanna gagnvart meðframleiðendum. Meta þurfi kynningu og markaðsmöguleika erlendis. Alls sé fjallað um á þriðja hundrað umsókna á ári. Miðað við eðli og ábyrgð starfs forstöðumanns Kvikmyndamiðstöðvar Íslands megi líta til kjara forstöðumanna Nýsköpunarmiðstöðvar og Rannsóknarmiðstöðvar Íslands, en inntak þeirra starfa líkist starfsemi Kvikmyndamiðstöðvar að mörgu leyti þótt verkefnin liggja á öðrum sviðum. Stór hluti starfsemi þessara stofnana felist í faglegu mati og meðferð styrkumsókna.

Með bréfum dagsettum 19. janúar 2012 gaf kjararáð fjármálaráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneyti kost á að leggja fram greinargerðir vegna erindis forstöðumannsins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Í bréfi mennta- og menningarmálaráðuneytis dags. 20. janúar 2012 eru staðfestar þær upplýsingar sem fram koma í bréfi forstöðumannsins um verksvið og ábyrgð sem starfinu fylgir. Til viðbótar því sem fram komi í bréfi forstöðumannsins, vilji ráðuneytið jafnframt taka fram að starfsemi Kvikmyndamiðstöðvar Íslands hafi aukist mjög frá því lög sem um stofnunina gilda hafi verið sett. Í bréfinu kemur fram að laun forstöðumannsins eigi að bera með sér viðurkenningu á þeirri faglegu og fjárhagslegu ábyrgð sem forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar hafi í samræmi við aðra forstöðumenn sem svipaða ábyrgð beri.

Fjármálaráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 3. febrúar 2012. Í bréfinu segir að fjármálaráðuneytinu sé ekki kunnugt um á hvern hátt starfsemi Kvikmyndamiðstöðvar Íslands hafi breyst eða aukist frá því að kjararáð úrskurðaði síðast um launakjör forstöðumannsins að öðru leyti en fram komi í bréfi hans.

Með bréfi dagsettu 9. febrúar 2012 fékk forstöðumaðurinn send svör ráðuneytanna til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum um efni þeirra.

Með bréfi forstöðumannsins dagsettu 23. febrúar 2012 voru fyrri sjónarmið um endurskoðun launakjara ítrekuð.

### III.

Samkvæmt 1. gr. kvikmyndalaga nr. 137/2001 er markmið laganna að efla kvikmynda-gerð og kvikmyndamenningu á Íslandi. Samkvæmt 3. gr. laganna eru verkefni Kvikmyndamiðstöðvar Íslands að styrkja framleiðslu og dreifingu íslenskra kvikmynda, að stuðla að kynningu, útbreiðslu og sölu á íslenskum kvikmyndum hér á landi og erlendis og afla upplýsinga um íslenskar kvikmyndir og gefa þær út. Þá skal stofnunin efla kvikmyndamenningu á Íslandi og stuðla að auknum samskiptum við erlenda aðila á sviði kvikmyndamála. Samkvæmt 4. gr. laganna skipar ráðherra forstöðumann Kvikmyndamiðstöðvar Íslands til fimm ára í senn að fenginni umsögn kvikmyndaráðs. Forstöðumaðurinn skal hafa staðgóða þekkingu á kvikmyndamálum og íslenskri menningu. Hann fer með yfirstjórn Kvikmyndamiðstöðvar, er í fyrirsvari fyrir hana út á við, ber ábyrgð á rekstri hennar og að starfsemi hennar sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Jafnframt annast forstöðumaðurinn ráðningar annarra starfsmanna Kvikmyndamiðstöðvar.

Kvikmyndasjóður starfar á vegum Kvikmyndamiðstöðvar Íslands. Hlutverk sjóðsins er að efla íslenska kvikmynda-gerð með fjárhagslegum stuðningi, sbr. 6. gr. laganna. Þá segir í 7. gr. laganna að forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands taki endanlega ákvörðun um veitingu fjárstuðnings úr Kvikmyndasjóði til undirbúnings, framleiðslu og/eða dreifingar íslenskra kvikmynda. Í reglugerð um kvikmyndasjóð nr. 229/2003 með síðari breytingum kemur fram að forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands sé ábyrgur fyrir því að öll skilyrði fyrir úthlutun séu uppfyllt. Forstöðumaður tekur endanlega ákvörðun um styrkveitingu úr Kvikmyndasjóði, að fengnu skriflegu listrænu mati kvikmyndaráðgjafa.

### IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá

ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð ákvað forstöðumanni Kvikmyndamiðstöðvar Íslands laun 30. nóvember 2006. Frá þeim tíma hafa laun forstöðumannsins tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjararáðs. Umfang og eðli starfsemi Kvikmyndamiðstöðvar Íslands sem og fagleg og fjárhagsleg ábyrgð framkvæmdastjóra á úthlutunum styrkja gefa tilefni til breytinga á launum hans. Við ákvörðun launa framkvæmdastjórans hefur verið höfð hliðsjón af launum forstöðumanns Rannsóknamiðstöðvar Íslands.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun forstöðumanns Kvikmyndamiðstöðvar Íslands skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

## V.

### Ákvörðunarorð

Frá og með 1. janúar 2012 skulu mánaðarlaun forstöðumanns Kvikmyndamiðstöðvar Íslands vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 134, krónur 691.977 frá 1. janúar til 29. febrúar 2012 og krónur 716.196 frá 1. mars 2012.

Að auki skal greiða honum 17 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir. Eining er 1% af launaflokki 502-132, krónur 6.473 frá 1. janúar til 29. febrúar 2012 og krónur 6.700 frá 1. mars 2012.

Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstöðumanns Kvikmyndamiðstöðvar Íslands gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

---

Svanhildur Kaaber

---

Jónas Þór Guðmundsson

---

Kolbeinn H. Stefánsson